Norðurþing
Ketilsbraut 7-9 9
640 HÚSAVÍK

Garðabær, 10. júlí 2024
Málsnúmer: 202405-0066
SS

**Efni: Röndin – breyting á deiliskipulagi.**

Vísað er í tölvubréf sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 30 maí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingi á deiliskipulagi fyrir Röndina fiskeldi í Norðurþingi.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um skipulagsbreytingar tengt starfsemi fiskeldis á Röndinni sem og um umhverfismatsskýrslu. Deiliskipulagsbreytingin varðar fyrst og fremst nýjan fyrirhugaðan aðkomuveg. Mun vegurinn létta á umferð stóra ökutækja gegnum byggðina á Kópaskeri sem og á þeim hluta Randarinnar þar sem eru merkar jarðminjar sem eru á gildandi náttúruminjaskrá. Það er jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar en hins vegar mun framkvæmd og staðsetning á aðkomuveginum hafa áhrif á fuglavarp sem hefur verið norðan við fiskeldisstarfsemina, einkum varp hettumáfs og kríu. Líklegt er að varpsvæðið muni skerðast og umferð á veginum mun valda truflunum og hættu á varptíma.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar